Nr. 675 12. júlí 2016

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.**

*Deiliskipulag smávirkjunar í Svartá við Vaðöldu.*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 25. maí 2016 tillögu að deiliskipulagi smávirkjunar í Svartá við Vaðöldu. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að hliðarfarvegur Svartár verði stíflaður með 1,5 m langri og 1 m hárri forsteyptri einingu án lónmyndunar og niðurgrafin pípa um 180 m löng og 0,5 m í þvermál verði lögð þaðan að stöðvarhúsinu. Áætluð stærð rafstöðvarhúss er að hámarki 6 m² og frá því verður plægður niður um 4,5 km langur jarðstrengur að núverandi fjarskiptastöð á Vaðöldu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Mývatnssveit, 12. júlí 2016.*

**Bjarni Reykjalín,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. júlí 2016